

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur um afeitrun vegna áfengismeðferðar.

1. *Styðja gagnreyndar rannsóknir tíu daga afeitrunarmeðferð fólks með fíknisjúkdóma sem innritast inn á Sjúkrahúsið Vog?*
2. *Er tíu daga afeitrunarmeðferðin stöðluð með þeim hætti að öll sem leita slíkrar heilbrigðisþjónustu hljóti sömu meðferð?*
3. *Kemur til álita af hálfu ráðherra að afeitrunarmeðferð vegna fíknisjúkdóma verði einstaklingsmiðaðri svo að stuðla megi að bættri nýtingu sjúkrarýma á sjúkrahúsinu Vog?*

Ef einstaklingur leggst inn á sjúkrahús í því skyni að stöðva neyslu vímugjafa þarfnast sá hinn sami oft fráhrarfsmeðferðar sem er læknisfræðilegt inngrip er byggist á gagnreyndri þekkingu og klínískum leiðbeiningum. Slíkt inngrip er einstaklingsmiðað og er markmið fráhrarfsmeðferðar að hjálpa viðkomandi að ná líkamlegu jafnvægi. Tímalengd fráhrarfsmeðferðar tekur mið af þörfum hvers og eins.

4. *Hver er kostnaður Sjúkratrygginga Íslands á hvern sjúkling af 8., 9. og 10. degi afeitrunarmeðferðar?*

Ef miðað er við fjölda legudaga árið 2022 var meðalgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands vegna innlagnar á Sjúkrahúsið Vog 55.474 kr. á legudag og meðalgreiðslur fyrir einstakling um 622.592 kr. á árinu 2022.

5. *Kemur til álita af hálfu ráðherra að vinna markvisst að því að fækka innlögnum og auka göngudeildar- og lágþröskuldaþjónustu fyrir fólk með fíknivanda?*

Heilbrigðisráðherra telur mikilvægt að heilbrigðisþjónusta fyrir fólk með fíknivanda sé stigskipt eins og önnur heilbrigðisþjónusta. Mikilvægt er að þróa heildstætt þjónustuframboð á fyrsta, öðru og þriðja stigi heilbrigðisþjónustu þar sem byggt er á gagnreyndri þekkingu og áhersla er lögð á samvinnu og samfellu í heilbrigðisþjónustu sem mætir þörfum notenda á hverjum tíma. Aukið aðgengi að göngudeildarþjónustu og þróun lágþröskuldaþjónustu eru mikilvægir þættir slíks heildstæðs þjónustuframboðs við meðferð og endurhæfingu vegna neyslu- og fíknivanda.